

HS Veitur hf.

Samandreginn
árshlutareikningur
1.1.-30.6.2025

HS Veitur hf.

Samandreginn árshlutareikningur 1.1.-30.6.2025

Efnisyfirlit

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3-4
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Yfirlit um eigið fé	8
Skýringar	9-13

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Ábyrgð endurskoðanda

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 23. september 2025

Deloitte ehf.

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins kr 5.553 milljónum og nam heildarhagnaður kr. 836 milljónum. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 36.736 milljónum, bókfært eigið fé er kr. 17.860 milljónir og er eiginfjárhlutfall félagsins 48,6%. Á tímabilinu voru hvorki keypt eigin bréf né greiddur út arður. Eigin bréf að fjárhæð 500 milljónir króna voru keypt í júlí 2025.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 3 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 49,8% hlut og Suðurnesjabær með 0,1% hlut.

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Reykjanesi undanfarin ár. Talið er að um langvarandi goshrinu gæti verið að ræða og líkur á endurteknum jarðhræringum og eldgosum næstu árin. Náttúuhamfarir á Reykjanesi hafa valdið skemmdum á dreifikerfum HS Veitna í Grindavík og eru þau að hluta til löskuð í bænum eftir jarðsig, jarðgliðnun og hraunflæði með tilheyrandi kostnaði, tekjutapi og tjóni á eignum fyrirtækisins. Félagið hefur þurft að ráðast í fjölmargar viðgerðir og framkvæmdir á veitukerfum í og við Grindavík til þess að halda uppi þjónustu við viðskiptavinum. Áhrifin af jarðhræringunum gætu síðar komið fram í auknum viðhaldskostnaði og nýframkvæmdum en vegna aðstæðna í bænum hefur ekki verið unnt að meta umfang skemmda í dreifikerfunum.

Orkuver HS Orku í Svartsengi sem sér HS Veitum fyrir heitu og köldu vatni á Suðurnesjum og rafmagni að hluta er staðsett í grennd við þau svæði þar sem gosið hefur undanfarin ár. Vegna þessa er sá möguleiki fyrir hendi að orku- og neysluvatns afhending stöðvist til skemmri eða lengri tíma. HS Veitur hafa í samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélögin á Suðurnesjum og aðra hagaðila gripið til ýmissa aðgerða til að verja eignir og minnka líkur á þjónusturofi, meðal annars með styrkingu rafdreifikerfisins og uppsetningu varavatnsbóls og neyðarkyndistöðva. Í skoðun er til hvaða frekari mótvægisáðgerða unnt er að ráðast í til að auka áfallaþol orku- og veitukerfanna á svæðinu enn frekar.

Vegna þeirra miklu óvissu sem til staðar er varðandi framtíð veitukerfa félagsins í Grindavík, hafa ekki verið færðar neinar varúðarfærslur í árshlutauppgjörinu. Viðræður standa yfir við NTÍ varðandi uppgjör tjónabóta á þeim eignum sem þegar hafa orðið fyrir skemmdum.

Í vor hóf Landsnet loks framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 og búið er að reisa 69 af 86 möstrum línunnar og hefur leiðari verið strengdur á milli 50 þeirra. Um er að ræða mikilvæga innviðauppgjörgöngu til að bæta afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum og auka flutningsgetu raforkukerfisins milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Í haust fór verkefnið hinsvegar í biðstöðu því Landsnet ákvað að stöðva framkvæmdirnar á meðan beðið er niðurstöðu í dómsmálum sem tengjast verkefninu.

Neðansjávarlögnin sem flytur neysluvatn til Vestmannaeyja er enn löskuð eftir tjón sem varð á henni haustið 2023. Lögnin er í eigu Vestmannaeyjabæjar en rekin af HS Veitum. Áfram er áhætta fólgin í því að skemmdir eru á lögninni og óljóst hversu lengi hún muni halda. Til staðar eru viðbragðsáætlanir til að lágmarka áhrif á starfsemi í Vestmannaeyjum ef til þess kemur. Til að bregðast við ástandinu er Vestmannaeyjabær að vinna að innkaupum á nýrri lögn sem gert er ráð fyrir að verði lögð árið 2026.

Landsnet lagði í sumar tvo nýja sæstrengi til Vestmannaeyja. Unnið er að lagningu jarðstrengja og uppsetning búnaðar vegna komu nýju rafstrengjanna. Áætlað er að strengirnir verði komnir í notkun um áramótin. Raforkuöryggi í Vestmannaeyjum mun batna verulega við þetta.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í árshlutareikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2025, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2025.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 23. september 2025

Í stjórn

Friðjón Einarsson
stjórnarformaður

Heiðar Guðjónsson

Andri Freyr Stefánsson

Ómar Örn Tryggvason

Margrét Sanders

Þórunn Helga Þórðardóttir

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Forstjóri

Páll Erland

Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.06.2025

		2025 01.01.-30.06	2024 01.01.-30.06
Rekstrartekjur	6	5.553.408	5.303.041
Kostnaðarverð sölu		(3.440.626)	(3.484.846)
Vergur hagnaður		<u>2.112.782</u>	<u>1.818.195</u>
Annar rekstrarkostnaður		(600.809)	(519.144)
Rekstrarhagnaður		<u>1.511.973</u>	<u>1.299.052</u>
Fjármunatekjur		97.809	90.441
Fjármagnsgjöld		(634.300)	(788.496)
Gengismunur		95	130
	7	<u>(536.396)</u>	<u>(697.924)</u>
Hagnaður fyrir skatta		975.577	601.128
Tekjuskattur		(139.195)	(104.465)
Heildarhagnaður tímabilsins		<u><u>836.382</u></u>	<u><u>496.663</u></u>
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut		1,19	0,71
Aðrar upplýsingar:			
EBITDA		2.113.830	1.881.317

Efnahagsreikningur 30. júní 2025

Eignir		30.6.2025	31.12.2024
Fastaffjármunir			
Varanlegir rekstrarffjármunir		32.039.221	31.744.339
Óefnislegar eignir		363.544	375.826
Leigueignir		318.524	314.698
Eignarhlutar í félögum		34.214	34.214
		<u>32.755.504</u>	<u>32.469.077</u>
Veltuffjármunir			
Vörubirgðir		980.612	929.452
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		1.352.892	1.420.277
Handbært fé		1.647.448	1.248.125
		<u>3.980.951</u>	<u>3.597.853</u>
Eignir		<u>36.736.455</u>	<u>36.066.930</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé		700.950	700.950
Lögbundinn varasjóður		175.238	175.238
Endurmatsreikningur		3.738.889	3.824.425
Óráðstafað eigið fé		13.245.173	12.323.256
		<u>17.860.250</u>	<u>17.023.868</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi skuldir	8	13.025.762	13.261.153
Leiguskuldbindingar	10	365.342	355.522
Fyrirframinnheimtar tekjur		337.443	371.762
Tekjuskattsskuldbinding		2.405.751	2.399.162
		<u>16.134.298</u>	<u>16.387.600</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.373.715	1.200.300
Næsta árs afborganir langtímaskulda		1.164.345	1.116.007
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga		2.034	1.927
Ógreiddir reiknaðir skattar		132.606	268.022
Fyrirframinnheimtar tekjur		69.207	69.207
		<u>2.741.907</u>	<u>2.655.463</u>
		<u>18.876.205</u>	<u>19.043.062</u>
		<u>36.736.455</u>	<u>36.066.930</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1.-30.6 2025

	2025 01.01.-30.06	2024 01.01.-30.06
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður	1.511.973	1.299.052
Afskriftir	601.857	582.265
Söluhagnaður fastafjármuna	(5.259)	(11.002)
Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna	6.745	11.664
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	2.115.316	1.881.979
Vörubirgðir, (hækkun)	(51.160)	(127.171)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun	95.571	212.417
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun	(4.184)	13.619
Fyrirframinnheimtar tekjur, (lækkun)	(34.319)	(34.509)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	2.121.223	1.946.335
Innborgaðir vextir og arður	66.466	71.037
Greiddir vextir	(255.478)	(261.359)
Greiddir skattar	(93.321)	(59.917)
Handbært fé frá rekstri	1.838.890	1.696.097
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(884.400)	(840.918)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	8.684	15.113
	(875.717)	(825.805)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímaskulda	(562.881)	(521.996)
Afborganir leiguskuldbindinga	(969)	(917)
	(563.850)	(522.913)
Hækkun handbærs fjár	399.323	347.379
Handbært fé í upphafi tímabils	1.248.125	979.327
	1.647.448	1.326.706

Eiginfjáryfirlit 1.1.-30.06.2025

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2024	700.950	175.238	3.995.491	10.853.855	15.725.534
Keypt eigin bréf					0
Heildarafkoma tímabilsins				496.663	496.663
Upplausn afskrifta af endurmati			(85.640)	85.640	0
Eigið fé 30. júní 2024	700.950	175.238	3.909.851	11.436.158	16.222.197
Eigið fé 1. janúar 2025	700.950	175.238	3.824.425	12.323.256	17.023.868
Keypt eigin bréf					0
Heildarafkoma tímabilsins				836.382	836.382
Upplausn afskrifta af endurmati			(85.535)	85.535	0
Eigið fé 30. júní 2025	700.950	175.238	3.738.889	13.245.173	17.860.250

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 701 millj. kr. þann 30. júní 2025 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrir árið 2024. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings 2024. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess www.hsveitur.is

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingunum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 var samþykktur af stjórn þann XX. september 2025.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu

Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við félagið og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavína er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulega tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

Skýringar

5. Stýring fjármálalegrar áhættu (framhald)

Lánsáhætta

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna og framtíðarhorfa.

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtrygðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaútgáfum félagsins eru ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntölum í dreifikerfi og 2025 er leyft WACC 5,93% fyrir skatta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð skuldbinding vegna hugsanlega oftekinna tekna. Uppsafnaðar tekjuheimildir HS Veitna hf. í árslok 2024 voru ofteknar um 164 milljónir króna.

Skýringar

6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

1. janúar til 30. júní 2025	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	3.156.823	1.820.000	537.783	38.801	5.553.408
Rekstrarafkoma starfsþátta	768.328	489.387	267.174	(12.915)	1.511.973
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir					(536.396)
Tekjuskattur					(139.195)
Heilarhagnaður tímabilsins					<u>836.382</u>
Eignir starfsþátta	20.317.603	8.919.851	3.420.991	62.844	32.721.290
Óskiptar eignir					<u>4.015.166</u>
Eignir samtals					<u>36.736.455</u>
Óskiptar skuldir					18.837.598
Fjárfestingar	638.906	144.195	68.766	32.533	884.400
Afskriftir	357.056	178.413	65.428	960	601.857
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta					2.113.830

1. janúar til 30. júní 2024	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	2.941.850	1.750.234	517.640	93.317	5.303.041
Rekstrarafkoma starfsþátta	880.325	306.617	107.702	4.408	1.299.052
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir					(697.924)
Tekjuskattur					(104.465)
Heilarhagnaður tímabilsins					<u>496.663</u>
Eignir starfsþátta	19.583.213	8.939.168	3.392.791	73.768	31.988.940
Óskiptar eignir					<u>3.490.051</u>
Eignir samtals					<u>35.478.991</u>
Óskiptar skuldir					19.256.795
Fjárfestingar	689.260	89.863	60.922	872	840.918
Afskriftir	341.447	174.631	64.874	1.313	582.265
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta					1.881.317

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024
Vaxtatekjur af bankareikningum	72.574	67.791
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	23.943	22.595
Arður af hlutabréfaeign	1.225	0
Aðrar vaxtatekjur	67	56
	<u>97.809</u>	<u>90.441</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af langtímalánum	(261.937)	(271.863)
Verðbætur langtímalána	(370.570)	(514.872)
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(1.022)	(930)
Annar fjármagnskostnaður	(772)	(831)
	<u>(634.300)</u>	<u>(788.496)</u>
Gengismunur fjáreigna og fjárskulda greinist þannig:		
Gengismunur	95	130
	<u>95</u>	<u>130</u>
	<u>(536.396)</u>	<u>(697.924)</u>

8. Vaxtaberandi skuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6.2025	31.12.2024
Vaxtaberandi skuldir	14.190.107	14.377.160
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	14.190.107	14.377.160
	<u>(1.164.345)</u>	<u>(1.116.007)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>13.025.762</u>	<u>13.261.153</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	30.6.2025	31.12.2024
Afborganir 1.7.2024-30.6.2025 / 2024	1.164.345	1.116.007
Afborganir 1.7.2025-30.6.2026 / 2025	1.204.733	1.154.710
Afborganir 1.7.2026-30.6.2027 / 2026	1.246.540	1.194.772
Afborganir 1.7.2027-30.6.2028 / 2027	1.289.816	1.236.243
Afborganir 1.7.2028-30.6.2029 / 2028	1.334.614	1.279.170
Afborganir síðar og til 2042	8.032.328	8.487.364
	<u>14.272.375</u>	<u>14.468.266</u>
Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:		
	30.6.2025	31.12.2024
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum.....	2,94%	3,33%

Afföll vaxtaberandi skulda nema um 82 milljónum króna þann 30. júní 2025 (31. desember 2024: 91 mkr) og eru færð til lækkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir líftímann.

Skýringar

9. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið selur þjónustu til HS Orku hf. á sviði reikningagerðar og innheimtu samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna.

10. Leiguskuldbindingar

	Leiguskuldbindingar	
	30.6.2025	31.12.2024
Leiguskuldbindingar	367.376	357.450
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	367.376	357.450
	(2.034)	(1.927)
Langtímaskuldir í árslok	365.342	355.522
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	30.6.2025	31.12.2024
1.7.2025-30.6.2026 / 2025	2.034	1.927
1.7.2026-30.6.2027 / 2026	2.143	2.038
1.7.2027-30.6.2028 / 2027	2.261	2.150
1.7.2028-30.6.2029 / 2028	2.385	2.268
1.7.2029-30.6.2030 / 2029	2.515	2.393
Afborganir síðar	356.039	346.673
	367.376	357.450

Undirritunarsíða

Varaformaður
Heiðar Guðjónsson

Meðstjórnandi
Margrét Ólöf A Sanders

Meðstjórnandi
Ómar Örn Tryggvason

Meðstjórnandi
Þórunn Helga Þórðardóttir

Meðstjórnandi
Friðjón Einarsson

Meðstjórnandi
Andri Freyr Stefánsson

Forstjóri
Páll Erland Landry

Endurskoðandi
Kristján Þór Ragnarsson

Endurskoðandi
Heiðar Þór Karlsson

Meðstjórnandi
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir